



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

39. fundur, miðvikudaginn 16. mars 2011, kl. 15:30-17:55 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Björg Eva Erlendsdóttir, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (gegnum fjarfundabúnað), Kristinn Einarsson (OS), Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Anna G. Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Kristín Huld Sigurðardóttir og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisaráðuneytinu).

Lagt fram á fundi: 1) „Áhrifamatsröð 10.3.2011 eftir breytingar (rauðar) og að viðbætti Búlandsvirkjun“, tafla frá faghópi I 2) „AHP-röð 10.3.2001 breytt Norðl. og að viðbætti Búlandsvirkjun“, tafla frá faghópi I, 3) „Til íhugunar við röðun virkjunarhugmynda á grundvelli niðurstaðna frá faghópum“, glærur frá Kjartani Ólafssyni, sýndar á fundinum og dreift eftir hann með tölvupósti.

Fundarfrásögn

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Niðurstöður faghóps I eftir breytingar

Þóra Ellen gerði grein fyrir niðurstöðum faghóps I eftir breytingar, sjá töflur yfir áhrifamatsröð og AHP-röð sem lagðar voru fram á fundinum. Fram kom m.a. að í endurtekinni AHP-röðun með takmörkuðu mengi samanburðarhugmynda hefði orðið vart við að áður raðaðar hugmyndir gætu skipt um sæti. **Kristni** var falið í framhaldi af því að leita eftir álitum Páls Jenssonar á þessari óvissu í AHP-röðuninni og ábendingum hans um greinar eða umfjöllun um þetta atriði.

2. Röðun virkjunarhugmynda á grundvelli niðurstaðna frá faghópum

Kjartan fór, gegnum fjarfundabúnað, yfir glærur sínar um röðun virkjunarhugmynda á grundvelli niðurstaðna faghópa I og II, annars vegar með aðstoð hringferla og hins vegar með aðstoð kassalaga ferla. Fram kom að fylgni milli þessara tveggja nálgana er 98%. Glærunum var dreift með tölvupósti til verkefnisstjórnar eftir fundinn.

Þóra Ellen gerði grein fyrir tillögum hennar og Önnu um undantekningar frá vali milli raðgilda faghópa I og II, þar sem röðun faghóps II ætti að gilda um Helligsheiði en röðun faghóps I um Bláfellsvirkjun, og væri það grundvallað á því hvernig hóparnir hefðu ýmist meðhöndlað einstakar hugmyndir saman eða sitt í hvoru lagi. Annars staðar ætti hæsta einkunn hjá hvorum hópnum sem væri (kassalaga ferill) að gilda.

Rætt var í framhaldi af þessu að hve miklu leyti hagsmunir ferðapjónustu ættu að ráða, og hvort þeir ættu að vera jafngildir og verðmæti skv. mati faghóps I. **Ákveðið var að fela Kjartani að skoða nýja röðun virkjunarhugmynda þar sem röðun faghóps I hefði ætíð forgang.**

3. Önnur mál

Guðni kynnti upplýsingar frá Orkuspárnefnd um virkjunarhugmyndir á vegum stærstu orkufyrirtækjanna (Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku) sem komið gætu í rekstur á næstu árum.

Kristinn Einarsson